



KVI2B05 – Kvikmyndagerð II - Flæði

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Porgeir Guðmundsson

Netfang/netföng:

thorgeir.gudmundsson@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum halda nemendur áfram að læra að beita aðferðum kvikmyndagerðar til að tjá hugmyndir sínar. Hugmyndirnar þróast áfram með frekari handritasmíð og framleiðslu stuttmynda og annarra smærri kvikmyndaverka sem eru ólík að forminu til, t.d. auglýsingar og tónlistarmyndbönd, en eiga það sameiginlegt að segja sögur með myndum og hljóði. Þannig æfa þau sig áfram í skapandi framleiðsluferli ásamt því að þjálfast tæknilega við bæði tækur og eftirvinnslu.

Kvikmyndagerð er oftast samvinnuverkefni og því er mikilvægt að þjálfast í teymisvinnu á öllum stigum þessa ferlis (undirbúningur-tækur-eftirvinnsla). Nú kynnast þau vinnu með utanaðkomandi leikurum og er eitt verkefnið sniðið sem samvinna við nemendur af leiklistarsviði (verkefni 3, áfangi leiklistarnema LEI3A05). Vinna með öðrum kemur einnig við sögu í hinum formunum en þá eru það tónlistarmenn og/eða „kúnnar“.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig mismunandi sjónarhorn og myndstærð hefur áhrif á frásögnina.
- hvernig mismunandi notkun hljóðs hefur áhrif á frásögnina.
- hvernig mismunandi klipping hefur áhrif á heildarútkomu.
- hvernig litur og lýsing hefur áhrif á frásögn.

Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja með tímaáætlun alla þætti í gerð kvikmynda.
- vinna með öðrum í tókuliði.
- vinna í klippiforriti.
- nýta sér alla möguleika eftirvinnslu; hljóð, tónlist, liti, titla, útlit.

Hæfniviðmið – Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér kvikmyndaformið sem miðil til persónulegrar tjáningar.
- taka upp myndskeið svo frásögnin komist skýrt til skila.
- setja saman heildarfrásögn með samsetningu ólíkra myndskeiða.
- tengja saman hjóð og myndmál svo úr verði heild.
- Birtu, tóna og litleiðrétta kvikmynd til samræmis við frásagnarmáta og stíl.



Námsmat:

Námsmat í áfanganum er í formi símats þar sem kennarinn metur árangur nemenda í verkefnum, kynningum og þáttöku í umræðum út frá markmiðum áfangans. Mat tekur mið af verkefnavinnu, jafningjamati, frammistöðumati, sjálfsmati og símati (ástundun, þátttaka og framfarir).

•**80% Kvikmyndaverkefni** - hugmyndavinna, tökur, klipping og kynning verkefna

•**10% Greiningar** – 2 handrit og kynningar verða á önninni

•**10% Kennaraeinkunn** – ástundun og virkni

Hlutfallstölur geta breyst með tilliti til aðstæðna og framvindu.

Námsgögn:

Lesefni, glósur og verkefni frá kennara. Allt námsefni verður aðgengilegt á Innu.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendum ber að skila öllum verkefnum samkvæmt leiðbeiningum kennara á námsvettvang strax og þeim er lokið.

Nauðsynlegt er að nemendur mæti með heyrnartól.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanganum	
2	9.-13. janúar	Æfingar og hugmyndavinna	
3	16.-20. janúar	Verkefni 1 - tilraunamynd	
4	23.-27. janúar	Verkefni 1	15%
5	30. jan- 3. febrúar	Verkefni 2 - tónlistarmyndband	
6	6.-10. febrúar	Verkefni 2	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Verkefni 2 Handrit að loka einstaklingsmynd 1. skil (5%)	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Verkefni 2	Vorannarhlé 15%
9	28. febrúar- 3. mars	Verkefni 3 – auglýsing	
10	6.-10. mars	Verkefni 3	
11	13.-17. mars	Kynning á stuttmyndaverkefni með leiklistarkjörsviði (5%) Verkefni 3	
12	20.-24. mars	Verkefni 3	Vörðuvika II 15%
13	27.-31. mars	Mynd með Leiklist - tökur	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Mynd með Leiklist – eftirvinnsla Handrit að loka einstaklingsmynd 2. skil (5%)	15%
16	17.-21. apríl	Myndir með Leiklist / Einstaklingsmynd	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Einstaklingsmynd	
18	1.-5. maí	Einstaklingsmynd	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Einstaklingsmynd - eftirvinnsla	20%
20	15.-16. maí	Einstaklingsmynd - Sýning	Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.